

1. Fundur skólaráðs Akurskóla skólaárið 2010-2011

Fundurinn er haldinn í Akurskóla föstudaginn 24.9.2010 kl. 15

Mættir eru: Adam og Halldóra nemendur í 8. og 10. bekk. Hulda Klara, Kristín, Guðmundur, Lars og Jónína.

Dagskrá

1. mál: Rætt um Skjatta. Kennarar ákveða hvort þeir vilji að nemendur noti Skjatta. Skólaráð styður þá ákvörðun kennara 2. – 3. bekkja að láta nemendur ekki nota Skjatta í vetur. Sú ákvörðun var tekin eftir að í ljós kom að nemendur nýttu mjög lítinn hluta hans. Hins vegar styður Skólaráð þá ákvörðun kennara 4.-5. bekkja að láta nemendur nota Skjatta þar sem þeir eru eldri og tilbúnari til þess að nýta hann á réttan hátt. Bókin kostar 1000 kr.

2. mál: Skólaráð hvetur kennara til þess að nota portfolio- möppuna meira. Sbr. í viðtölum o.fl. Skólaráð fagnar því að kennarar skólans hafi sett sér það markmið.

3. mál: Skólaráð leggur til að kennsla í heimilisfræði sé í anda við stefnu skólans og nemendur læri að matreiða/ baka hollan og næringaríkan mat/bakkesli.

4. mál: Einhverjar kvartanir hafa borist fulltrúa foreldra í skólaráði vegna hádegismatar. Skólaráð ítrekar að slíkar kvartanir þurfi að tilkynna strax til Skólamatar.

5. mál: Spurt hvort að Akurskóli hafi tök á að stofna kór í skólanum. Slíkt er ekki hægt. En skólaráð bendir á að Njarðvírkirkja starfrækir kóra fyrir born frá 6 ára aldri til 16 ára aldurs.

6. mál: Spurt um hlutverk stuðningsfulltrúa og hvernig þeir eru upplýstir. Stuðningsfulltrúar vinna undir verkstjórn kennara. Deildarstjóri sérkennslu skipuleggur vinnudaginn með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

7 mál: Hvernig tekur Akurskóli á agavandamálum. Skólaráð vísar í skólanámskrá skólan. Sjá aðgerðaáætlun skólans.

8. mál: Nemendum skipt í bekki. Kennarar sjá um að skipta nemendum í bekki fyrir hvert skólaár. Lögð áhersla á að huga að því að nemendur fylgi sínum hóp og/eða félögum. Deildarstjóri sérkennslu þarf stundum eðli málsins samkvæmt að gera einhverjar skipulagsbreytingar.

9. mál: Skólanámskrá , seinni hluti, lögð fram.

10.mál: Umbóta og þróunarverkefni skólaárið 2010 – 2011. Sagt frá þróunarverkefnum skólaárið 2010-2011. Samstarf til árangurs, Lars kynnti hlutverk leiðtoga kennarateyma.

Áfram verður unnið með Grænfánaverkefnið og útikennslusæðið „Kópu”.

11. mál: Niðurstöður læsis vor 2010, kynntar. Árangur Akurskóla glæsilegur.

12. mál: Skólapeysur; gerð athugasemd við þá liti sem eru í boði en það eru svartur og rauður. Bent var á að svartur er ekki sá litur sem yngri nemendur klæðast jafnan í.

13. mál: Blátt áfram, foreldrafélagið hefur samþykkt að greiða sýningu fyrir nemendur 4.-5. Bekk sem tengist kynferðislegu ofbeldi.

14. mál: Reykir, stefnt verður að því að fara næsta vetur með núverandi 6. Árgang, fjáröflun verður með svipuðu sniði.

15. mál: Nemendur 10. bekkjar hafa þegar hafið fjáröflun vegna vorferðar. Þeir hafa þegar staðið fyrir námsmaraþoni, sölu á pennum og glossi frá KS og hugmyndin er að þeir sjái um kaffisölu þegar jólaföndur foreldrafélagsins verður í skólanum.

16. önnur mál: Pennavinir frá Svíþjóð og Finnlandi koma 9.-13. október. Gestgjafarnir verða nemendur í 6.-7. bekk.